

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2004.

Rekstrarreikningur árið 2004

Tekjur	kr.
Framlag ríkissjóðs	7.209.316
Framlag sveitarfélaga	<u>3.972.536</u>
Tekjur alls	<u>11.181.852</u>
Framlög	
Bundin framlög	1.006.739
Sérstök framlög	2.743.576
Jöfnunarframlög	3.242.920
Jöfnunarframlög til grunnskóla	3.900.770
Stofnkostnaðarframlög	<u>200.000</u>
Framlög alls	11.094.005
Rekstrarkostnaður:	
Laun og launatengd gjöld	20.952
Annar rekstrarkostnaður	<u>15.100</u>
Rekstrarkostnaður samtals	36.052
Eignakaup	<u>577</u>
Gjöld alls	<u>11.130.634</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld	51.218
Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld	<u>100.819</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>152.037</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	kr.
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	209.704
Áfallnar vaxtatekjur	85.569
Aðrar skammtímakröfur	<u>14.454</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>309.727</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>805.994</u>
Eignir alls	<u>1.115.721</u>
Skuldir og eigið fé	
Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>622.764</u>

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	8.557
Ógreidd framlög	285.498
Aðrar skammtímaskuldir	<u>198.902</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>492.957</u>
Skuldir samtals	<u>492.957</u>

Skuldir og eigið fé alls

1.115.721

Sjóðstreymi árið 2004

Rekstrarhreyfingar:

<i>Veltufé frá rekstri:</i>	kr.
Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikn	<u>152.037</u>
Veltufé frá rekstri	152.037

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	11.816
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	<u>240.041</u>
	251.857

Handbært fé frá rekstri

403.894

Fjármögnunarhreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(7.209.316)
Greitt úr ríkissjóði	<u>7.047.275</u>
	(162.041)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 241.853

Handbært fé í ársbyrjun 564.141

Handbært fé í árslok 805.994

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 19. ágúst 2005.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2004 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 152.037 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2004 var 622.764 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2005.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Herdís Á. Sæmundardóttir,
formaður ráðgjafarnefndar.